



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur 1. desember 2015 – símafundur kl. 13.00

Mættir eru: Ása Valdís Árnadóttir, Þórður Freyr Sigurðsson, Sigurlaug Gissurardóttir, Magnús Bragason, Gunnar Þorgeirsson, Margrét Runólfsdóttir, Dagný Hulda Jóhannsdóttir og Valgerður Pálsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá

Nýr samningur við Ferðamálastofu (FMST)

- Drög að samningi fyrir árið 2016 hefur borist til Markaðsstofu Suðurlands (MSS) með ákvæði um að samþykktar eru breytingar fyrir árið 2017 í samræmi við aðra landshluta.
- Tillaga stjórnar er að óska eftir óbreyttum samningi fyrir næsta ár en nýta það til undirbúnings fyrir hugsanlegar breytingar á samningsfyrirkomulagi, ekki síst innan Suðurlands.
- Rætt um fyrirhugaða vinnu við DMP (Destination Management Plan) sem fjallað er um í nýjum Vegvísi og hugsanleg áhrif þess á fyrirkomulagið heima í héraði. Ákveðið að taka þessi mál til heildstæðar umræðu á fundi stjórnar í janúar.

Verkefni sl. mánaðar

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni síðasta mánaðar.

Sveitarfélög – endurnýjun samninga og fl.

- Árborg og Hveragerði hafa endurnýjað samning til eins árs skv. erindi sem MSS sendi í byrjun nóvember. Rangárþing ytra mun taka erindið fyrir á fundi í janúar og ekki hefur borist svar frá Flóahreppi. Báðum þessum sveitarfélögum hefur verið boðin nánari kynning á starfsemi MSS sem ekki hefur verið þegin enn sem komið er. Öll sveitarfélög á Íslandi nema tvö eru aðilar að markaðsstofum landshlutanna, þar af eitt á Suðurlandi.
- Þá var rætt um möguleika á einföldun á því fyrirkomulagi sem nú er við samninga MSS við sveitarfélögin. Verður tekið nánar fyrir á stjórnarfundum í janúar.

Katla Jarðvangur

- Fundað var með framkvæmdastjóra Kötlu jarðvangs m.a. til að ræða mögulegt kynningargildi sem nýleg viðurkenning UNESCO hefur í för með sér ásamt áframhaldandi samstarfi og mögulegri framsetningu og samnýtingu kynningarefnis, m.a. á heimasíðunni www.south.is.

Heimasíðan

- Verkefnastjóri fór á fund/námskeið hjá Stefnu hugbúnaðarhúsi til að fá nýjar hugmyndir m.a. til að halda heimasíðunni www.south.is í stöðugri þróun. Ýmsar nýjar undirsíður í vinnslu.

Markaðsgreining

- Vinna við markaðsgreiningu áfangastaðarins komið á fullt. Samið var við Manhattan marketing um framkvæmd verkefnisins. Fréttatilkynning send á héraðsmiðlana sem og birt á miðlum Markaðsstofunnar (south.is og FB síðu).

Ýmsir fundir

- Þátttaka í ýmsum fundum og samstarfi með mismunandi hagsmunaaðilum. Þá hefur MSS verið í þétu samstarfi við markaðsstofur landshlutanna vegna Mannamóta og fleira.

Verkefnin framundan

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefnin framundan.

Katla Jarðvangur

- Í ljósi nýlegrar viðurkenningar frá UNESCO til handa jarðvöngum og þar með talið Kötlu jarðvangs verður farið í það að gera jarðvanginum betur skil m.a. á heimasíðunni south.is

Kynning á MSS

- Ferðamálasamtök Vestmannaeyja óska eftir kynningarfundum á Markaðsstofu Suðurlands. Sá fundur verður haldinn í Vestmannaeyjum 2. desember 2015.
- Fyrstu drög að kynningarbækling fyrir MSS er komin í hús. Reiknað er með að sú vinna klárast fyrir júl.

Þátttaka í sýningum 2016

- Ferðasýningar fyrir næsta ár til umræðu. Mid-Atlantik og VestNorden verða báðar á Íslandi á næsta ári og mun MSS taka þátt í þeim báðum. Til skoðunar að taka þátt í 1-2 öðrum sýningum erlendis í samstarfi við Íslandsstofu. Framkvæmdarstjóri mun leggja fram tillögur fyrir 2016 þegar fjárhagsáætlun ársins liggur fyrir.

Uppskeruhátíð MSS

- Farið yfir tilboð og fyrirkomulag vegna Uppskeruhátíðar MSS. Ákveðið er að ganga að tilboði Vatnsholts og ákveðin dagsetning uppskeruhátíðar MSS sem verður haldin 19. febrúar 2016. Farið verður á fullt í undirbúning.

Mannamót

- Undirbúningur Mannamóta fer á fullt næsta mánuð, en þau verða haldin 21. janúar 2016.

Önnur mál

- Síðunni www.markadsstofa.is hefur verið beint á innri hluta síðunnar <http://www.south.is/is/markadsstofa-sudurlands/frettir-af-innra-starfi> . Komið er að endurnýjun lénsins www.markadsstofa.is og ákveðið að halda því léni í a.m.k. eitt ár í viðbót. Þá var framkvæmdastjóra falið að skoða kaup á öðrum æskilegum lénum.
- Ráðning verkefnastjóra verður framlengd til 1. apríl 2016.
- Ákveðið er að hafa snertifund 14. janúar kl 13:00 sem verður einnig vinnufundur þar sem tillögur að breyttu fyrirkomulagi innan landshlutans verða ræddar, ekki sýst með tilliti til fyrri umræðu um samninga við Ferðamálastofu. Þá var ákveðið að hafa símafundi 2016 fyrsta þriðjudag í mánuði kl 11:00.

Fundi slitið kl 14:30